

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**219. fundur** Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **7. mars 2013 kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

## Dagskrá:

1. Erindi Vegagerðarinnar.
2. Erindi Hrafn Hlynssonar f.h. Fjármála- og efnahagsráðherra
3. Erindi Guðmundar St. Sigurðssonar.
4. Erindi Sigríðar Sigvaldadóttur.
5. Erindi Melstaðarkirkju.
6. Samþykkt um byggingarnefnd í Húnaþingi vestra.
7. Skipulagsmál

## Afgreiðslur:

1. Gunnar Helgi Guðmundsson f.h. Vegagerðarinnar sækir um framkvæmdaleyfi vegna nýrrar efnisnámu í landi Bjarghúsa í Vesturhópi. Ráðið telur að fyrirhuguð framkvæmd falli ekki undir mat á umhverfisáhrifum vegna umfangs efnistökkunnar og mælir með að leitað verði eftir meðmælum Skipulagsstofnunar sbr. gr. 9 í reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar.
2. Hrafn Hlynsson f.h. fjármála og efnahagsráðherra óskar eftir stofnun nýrrar lóðar úr Kaupfélagslóð landnr. 142242 á Borðeyri. Heiti nýrrar lóðar er Riishús. Ráðið samþykkir erindið.
3. Guðmundur St. Sigurðsson kt. 261253-2409 sækir um breytta skráningu, þar sem hann óskar eftir að Víðidalstunga 2 land (fastanr. 222-0732) fái heitið Víðidalstunga 2.b. Ráðið samþykkir erindið.
4. Sigríður Sigvaldadóttir kt. 300345-7199 sækir um leyfi til að einangra og klæða íbúðarhúsið að Þorkelshóli 1, með Serpo múrkerfi sbr. meðfylgjandi lýsingu. Ráðið samþykkir erindið.
5. Erindi Valgerðar Kristjánsdóttur kt. 190865-5259 f.h. Melstaðarkirkju kt. 460269-6019 sem frestað var á 218. fundi Skipulags- og umhverfisráðs. Byggingafulltrúi lagði fram umbeðin gögn varðandi framkvæmdina. Ráðið samþykkir erindið fyrir sitt leiti. Guðjón og Unnsteinn viku af fundi við afgreiðslu erindisins.
6. Formaður kynnti samþykkt sveitarstjórnar um byggingarnefnd í Húnaþingi vestra.
  - 7a. Forstöðumaður Tæknideildar lagði fram gögn vegna endurtekinnar grenndarkynningar vegna deiliskipulagsbreytingar á athafnasvæði við Búland. Ráðið mælir með að sveitarstjórn samþykki breytt skipulag.
  - 7b. Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014 - 2026, verkefnis- og matslýsing. Lögð fram skipulags- og matslýsing dags. 7.mars 2013 fyrir nýtt aðalskipulag Húnaþings vestra 2014 - 2026. Ráðið samþykkir lýsingu verkefnisins með tillögum að breytingum og vísar til sveitarstjórnar og kynningar í samræmi við 1. mgr. 30 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Skipulags- og umhverfisráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.**

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Guðjón Loftsson (sign.),  
Víglundur Gunnþórsson (sign.),  
Benjamín Kristinsson (sign),  
Anna María Elíasdóttir ( sign),

Fundi slitið kl.19:40

Erla B. Kristinsdóttir (sign.),  
Ólafur H. Stefánsson (sign),  
Unnsteinn Andrésson (sign.),  
Pétur Arnarsson (sign.),